

1

Akstur rafmagnshlaupahjóla

Upplýsingar og tilmæli

Skilgreining:

Rafmagnshlaupahjól (einnig kölluð rafhlaupahjól eða rafskútur) tilheyra sérstökum ökutækisflokki smáfarartækja og eru hönnuð til aksturs frá 6 til 25 kílómetra hraða á klukkustund.

Hvar má aka þeim?

Rafmagnshlaupahjóli má aka:

- á hjólastíg, gangstétt og göngustígum.
- yfir götu og gangbraut, en þó ekki hraðar en sem nemur gönguhraða.
- á götu eða akbraut þar sem hámarkshraði er 30 km/klst eða lægri.

Eru einhver aldursmörk

Já - ökumaður skal hafa náð 13 ára aldri. Að auki skal ávallt fylgja aldursviðmiðum framleiðenda hjóla og aldurstakmörkum rafhlaupahjólaleiga.

Þarf að nota hjálm og annan öryggisbúnað?

Ökumenn rafmagnshlaupahjóla lúta sömu reglum og ökumenn reiðhjóla varðandi öryggisbúnað.

Börnum yngri en 16 ára ber samkvæmt lögum að nota hlífðarhjálm. Mælt er með því að fullorðnir noti einnig hjálm enda mikilvægur öryggisbúnaður.

Má vera með farþega?

Nei.

Má leggja rafhlaupahjóli hvar sem er?

Nei, leggja skal rafhlaupahjólinu svo það hindri ekki för vegfarenda, valdi slysahættu eða óþægindum. Ekki leggja á miðri gangstétt, stígum, við rampa, gönguþveranir eða fyrir inngöngum húsa.

Akstur rafmagns- hlaupahjóla

2

Upplýsingar og tilmæli

Má aka á gangstétt eða göngustígum?

Já, það má. Ef hjólað er á gangstétt eða göngustíg gilda sömu reglur og um reiðhjól. Gangandi vegfarendur eiga forgang og hjólandi þurfa að taka tillit til þess.

Almennt ættu allir vegfarendur að halda sig hægra megin og taka fram úr vinstra megin.

Mikilvægt er að hjólandi hægi vel á sér og gefi hljóðmerki tímanlega áður en komið er að öðrum notendum stígsins eða áður en komið er að blindhorni eða beygju.

Má hjóla eftir að hafa neytt áfengis eða vímuefna?

Nei, notkun hjóla undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er bönnuð með lögum. Búast má við sektum ef áfengismagn í blóði er yfir 0,5 prómill.

Má nota farsíma eða snjalltæki við aksturinn?

Nei, snjalltækja- og farsímanotkun á rafhlaupahjóli er bönnuð samkvæmt lögum. Stöðva ber hjólið áður en síminn er notaður.

Þurfa að vera einhver sérstök ljós á rafhlaupahjóli?

Já, mikilvægt er að vera með öflug og góð ljós - hvítt að framan og rautt að aftan. Skyld er að vera með ljós þegar skyggja tekur. Endurskin á að vera á hjólinu, bæði að framan og aftan.

Má breyta rafhlaupahjóli þannig að það komist hraðar?

Nei, það er ólöglegt að gera breytingar á rafhlaupahjóli þannig að þau komist hraðar en 25 km/klst.

Þarf tryggingar?

Engin vátryggingarskylda er á þessum hjólum en eigendur eru hvattir til að leita ráða hjá tryggingafélögum varðandi ábyrgðartryggingar.